

Tillaga
Afgreiðsla

A 1949/UKK
Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu um kerfi í tengslum við lán á menningardýrgripum á milli norrænna stofnana

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að unnið verði saman að því að koma á einfaldara verklagi fyrir langtímalán og skipti á skjölum og gripum sem teljast til menningarverðmæta á Norðurlöndum

Bakgrunnur

Innan norrænna menningarstofnana er að finna ýmsa menningarlega dýrgripum sem hafa tengingu við og mikla þýðingu fyrir fleiri en eitt norrænt land eða svæði.

Tvö dæmi um slíkt, sem borið hafa á góma innan Norðurlandaráðs, eru annars vegar skjal sem inniheldur fyrsta prentaða eintakið sem vitað er um af skjaldarmerki Björgvinjar og hins vegar Samatromma. Eignarhald á hinni einstöku Samatrommu frá 1691 fluttist nýlega frá þjóðminjasafni Danmerkur til samíska safnsins í Karasjok í Noregi. Skjalið með skjaldarmerki Björgvinjar tilheyrir Árnasafni í Kaupmannahöfn og til stendur að lána Landsbókasafni Noregs það. Samkvæmt bréfi sem Kaupmannahafnarháskóli hefur sent norska menningarráðuneytinu er einungis hægt að lána handrit í þrjá til fimm mánuði.

Nefndin bendir á að saga Norðurlanda er mjög samofin og því er eðlilegt að margir menningarlegir dýrgripir hafi mikið sameiginlegt gildi auk þess að geta haft mikið gildi fyrir tiltekið land eða svæði þrátt fyrir að vera í eigu annars lands. Þetta vandamál er einnig vel þekkt í mörgum öðrum heimshlutum þar sem menningarlegir dýrgripir eru af ýmsum ástæðum niðurkomnir í öðrum löndum en þeim sem þeir upprunalega tilheyrja.

Nefndin bendir á að Norðurlönd séu í dag samþættasta svæði heims og að markmiðið sé að efla enn frekar tengslin á milli norrænu landanna. Með því að draga úr skrifræði og einfalda ferlið við lán á menningarlegum dýrgripum á milli norrænna menningarstofnana getum við stuðlað að því að við kynnumst betur sameiginlegri sögu okkar og styrkjum þannig norræna samkennd.



Sjónarmið nefndarinnar

Norræna þekkingar- og menningarnefndin styður tillögu Framfaraflokksins um að norrænu menningarmálaráðherrarnir skuli *vinna saman að því að koma á einfaldara verklagi fyrir langtímalán og skipti á skjölum og gripum sem teljast til menningarverðmæta á Norðurlöndum.*

Eins og tillöguflytjandi tekur fram er mikið um menningardýrgripi í norrænu löndunum sem eiga uppruna sinn í öðru norrænu landi. Reglurnar um hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að fá lánaða menningardýrgripi til lengri eða styttri tíma eru ákvarðaðar af yfirvöldum eða stofnuninni sem hefur muninn í vörslu sinni. Hið síðara á til dæmis við í tilfelli skjaldarmerkis Björgvinjar, sem er varðveitt í Árnasafni í Kaupmannahöfn, sem er hluti Kaupmannahafnarháskóla sem ekki vill lána skjaldarmerkið til langs tíma til Landsbókasafns Noregs til sýningar í Borgarsafni Björgvinjar.

Nefndin vísar til svars norska menningarmálaráðherrans við skriflegri fyrirspurn Helge André Njåstad (FrP) um lán menningardýrgripa milli norrænu landanna: „Ég vil biðja Landsbókasafnið um að halda áfram viðræðum við danskar stofnanir og vinna frekar að því að koma upp einfaldara verklagi við langtímalán milli norrænna stofnana í framtíðinni. Ég vil einnig fylgja þessu frumkvæði eftir hjá dönskum yfirvöldum til að tryggja að þessi tegund langtímalána verði einnig auðveldari fyrir stofnanir á borð við Borgarsafn Björgvinjar. [Skrifleg fyrirspurn - stortinget.no](https://www.stortinget.no)

Nefndin telur þetta málefni ekki einungis snerta Noreg og Danmörku heldur skuli það einnig tekið upp hjá norrænu menningarmálaráðherrunum. Tillaga að lausn gæti falið í sér að Ráðherranefndin um menningarmál kanni forsendur fyrir samkomulagi milli norrænu landanna og hvaða skilyrði gætu gilt um skammtíma- og langtímalán menningardýrgripa milli norrænu landanna.

Stokkhólmi, 6. febrúar 2024

Lars Mejern Larsson (S)
May Britt Lagesen (A)
Nina Fellman (S)
Per Husted (S)
Pinja Perholehto (sd)
Catarina Deremar (C)
Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (Frfl)
Liz Mattsson (C)
Kathrine Kleveland (Sp)

John E. Weinerhall (M)
Marko Kilpi (saml)
Noora Fagerström (saml)
Ville Väyrynen (saml)
Veronika Honkasalo (vänt)
Freddy André Øvstegård (SV)
Joakim Vigelius (saf)
Victoria Tiblom (SD)
Marius Aron Nilsen (FrP)